

Fundargerð 265. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 5. júlí 2022
Fundartími: 9:00 – 11:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrá fundarins bætast fundargerðir stjórnar SASS nr 584 og fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 219. Endurnýjun á samningi Flóahrepps og Nova vegna fjarskiptamasturs. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 242, dags. 08.06.2022

a) Flóaskóli og Þjósársver; skólasvæði og félagsheimili; Deiliskipulag – 2204025

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjósársvers eftir kynningu. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags vegna Flóaskóla og Þjósársvers eftir kynningu. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar heimildir fyrir framtíðaruppbyggingu innan svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag – 1907022

Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag - 1907022

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar eftir kynningu. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar eftir kynningu. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Loftstaðir – Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2204020

Loftstaðir-Vestri; verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag - 2204020

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftstaðir-Vestri eftir kynningu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum 40-75 fm að stærð hvert auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu. Athugasemdir bárust á kynningartíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Að mati nefndarinnar er fyrirhuguð uppbygging ekki þess eðlis að veruleg skerðing á landbúnaðarlandi muni hljóttast af líkt og fram kemur í athugasemd við kynningu málsins. Svæðið verði að hluta tjaldsvæði og fyrirhugaðar byggingar innan svæðisins þess eðlis að einfalt sé að fjarlægja þær og nýta landið til landbúnaðar til framtíðar kæmi til þess. Ekki sé því um varanlega skerðingu á landbúnaðarlandi að ræða. Í afgreiðslu sveitarstjórnar og skipulagsnefndar vegna breytingar á aðalskipulagi þar sem skilgreint var verslunar- og þjónustusvæði í kringum starfsemina kom eftirfarandi rökstuðningur fram:

Skipulagsnefnd telur að við deiliskipulagningu svæðisins skuli miða við að uppbygging viðkomandi þjónustustarfsems verði að meginhluta vestan við núverandi íbúðarhús og verði með þeim hætti slitið frá sameiginlegum jarðarmörkum Loftstaða-Eystri eins og kostur er. Nefndin bendir landeigendum á að hverjum og einum er í sjálfsvald sett að setja upp girðingar á landamörkum til að takmarka aðgengi óviðkomandi aðila að landi sínu með fyrirvara um almannarétt til útivistar og umgengis kafla IV. náttúruverndarlaga. Að mati skipulagsnefndar er umrædd starfsemi sem áætlað er að veita heimild fyrir með breytingu á aðalskipulagi ekki þess eðlis að verulegt ónæði hljóttist af því innan svæðisins.

Nefndin bendir auk þess á að málið var sérstaklega kynnt á svæðinu án þess þó að aðrir landeigendur á svæðinu gerðu athugasemdir við tillöguna. Innan aðliggjandi deiliskipulags að Loftstöðum-Eystri eru umtalsverðar byggingarheimildir fyrir íbúðarhúsum, frístundahúsum og útihúsum. Verði að uppbyggingaráformum á svæðinu er ljóst að töluvert mannlíf verður innan svæðisins í formi íbúa og gesta. Að mati nefndarinnar er því óhjákvæmilegt að nágrennar verði því að einhverju leyti fyrir áhrifum af veru annars fólks innan svæðisins óháð því hvort um ferðamenn í tjöldum eða smáhúsum er að ræða, íbúa eða aðra gesti sem áhuga hafa á að njóta náttúru svæðisins með einhverjum hætti í samræmi við fyrrgreindan kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Að mati nefndarinnar uppfyllir framlögð deiliskipulagstillaga þau markmið sem fram eru lögð í fyrri bókun vegna málsins. Mælist nefndin því til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Þeim sem athugasemdir gerðu verði tilkynnt um auglýsingu málsins.

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag innan jarðarinnar Loftstaðir-Vestri eftir kynningu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir heimildum er varðar uppbyggingu á allt að 11 gistihúsum 40-75 fm að stærð hvert auk þess sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustuhúss allt að 120 fm að stærð. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir uppsetningu tjalda til útleigu fyrir gistingu. Athugasemdir bárust á kynningartíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Að mati sveitarstjórnar er fyrirhuguð uppbygging ekki þess eðlis að veruleg skerðing á landbúnaðarlandi muni hljóttast af líkt og fram kemur í athugasemd við kynningu málsins. Svæðið verði að hluta tjaldsvæði og fyrirhugaðar byggingar innan svæðisins þess eðlis að einfalt sé að fjarlægja þær og nýta landið til landbúnaðar til framtíðar kæmi til þess. Ekki sé því um varanlega skerðingu á landbúnaðarlandi að ræða. Í afgreiðslu sveitarstjórnar og skipulagsnefndar vegna breytingar á aðalskipulagi þar sem skilgreint var verslunar- og þjónustusvæði í kringum starfsemina kom eftirfarandi rökstuðningur fram: Sveitarstjórn telur að við deiliskipulagningu svæðisins skuli miða við að uppbygging

viðkomandi þjónustustarfsemi verði að meginhluta vestan við núverandi íbúðarhús og verði með þeim hætti slitið frá sameiginlegum jarðarmörkum Loftstaða-Eystri eins og kostur er. Sveitarstjórn bendir landeigendum á að hverjum og einum er í sjálfsvald sett að setja upp girðingar á landamörkum til að takmarka aðgengi óviðkomandi aðila að landi sínu með fyrirvara um almannarétt til útivistar og umgengis samkvæmt IV. kafla náttúruverndarlaga. Að mati sveitarstjórnar er umrædd starfsemi sem áætlað er að veita heimild fyrir með breytingu á aðalskipulagi ekki þess eðlis að verulegt ónæði hljótist af því innan svæðisins.

Sveitarstjórn bendir auk þess á að málið var sérstaklega kynnt á svæðinu án þess þó að aðrir landeigendur á svæðinu gerðu athugasemdir við tillöguna. Innan aðliggjandi deiliskipulags að Loftstöðum-Eystri eru umtalsverðar byggingarheimildir fyrir íbúðarhúsum, frístundahúsum og útihúsum. Verði af uppbyggingaráformum á svæðinu er ljóst að töluvert mannlíf verður innan svæðisins í formi íbúa og gesta. Að mati sveitarstjórnar er því óhjákvæmilegt að nágrennar verði því að einhverju leyti fyrir áhrifum af veru annars fólks innan svæðisins óháð því hvort um ferðamenn í tjöldum eða smáhúsum er að ræða, íbúa eða aðra gesti sem áhuga hafa á að njóta náttúru svæðisins með einhverjum hætti í samræmi við fyrrgreindan kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Að mati sveitarstjórnar uppfyllir framlögð deiliskipulagstillaga þau markmið sem fram eru lögð í fyrri bókun vegna málsins. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Þeim sem athugasemdir gerðu verði tilkynnt um auglýsingu málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Lynghæð L196512; Deiliskipulagsbreyting – 2206038

Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi Árnasyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512. Í breytingunni felst að lóðir eru skilgreindar utan um byggingarreiti. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindar eru þrjár nýjar lóðir fyrir gestahús

neðan við núverandi skemmu og ný lóð fyrir útihús suð-vestan við núverandi skemmu. Mörk deiliskipulagsins breytist aðeins og stækkar sem nemur þeim nýju lóðum sem óskað er eftir að bæta við í þessari deiliskipulagsbreytingu.

Skipulagsnefnd telur að framlögð breyting á deiliskipulagi samræmist ekki stefnumörkun um stakar framkvæmdir gr. 2.4.9. í aðalskipulagi Flóahrepps þar sem segir:

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarsvæðum án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- Stök íbúðarhús á landspildum sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Þó er heimilt að reisa hús á stærrri landspildum/eyðijörðum í góðum tengslum við núverandi samgöngu- og veitukerfi.

- Stök frístundahús á 0,5-1 ha lóðum. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Nýtingarhlutfall lóða er að jafnaði ekki hærra en 0,03 en við sérstakar aðstæður getur það verið allt að 0,05.

Skilgreindar lóðir fyrir gestahús/frístundahús eru undir 1000 fm og falla því ekki að framlögðum skilmálum er varðar stök frístundahús á landbúnaðarsvæði. Að mati nefndarinnar falla auk þess þrjár samliggjandi lóðir fyrir frístundahús ekki undir þá skilgreiningu að teljast til stakra framkvæmda innan landbúnaðarsvæðis og ættu frekar að falla undir landnotkun frístundasvæðis. Innan núverandi heimilda deiliskipulags er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, skemmu og útihúss. Með framlagðri breytingu er samkvæmt skýringamynd gert ráð fyrir gestahúsi, skemmtihúsi, skemmu og þremur gestahúsum. Reyndar er misræmi í texta greinargerðar og á skýringarmynd hverskonar notkun er áætluð innan viðkomandi reita. Að mati nefndarinnar er þörf á að horfa til meginlandnotkunar svæðisins og hvort að hún geti talist landbúnaðarnotkun í grundvelli heimilda aðalskipulags eða hvort að þörf sé á skilgreiningu nýrrar landnotkunar í takt við breytta notkun svæðisins. Nefndin mælist

til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlagðri breytingu á deiliskipulagi verði synjað í núverandi mynd án frekari rökstuðnings.

Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi Árnasyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Lynghæðar L196512. Í breytingunni felst að lóðir eru skilgreindar utan um byggingarreiti. Áður skilgreindum byggingarreitum fækkar um einn. Skilgreindar eru þrjár nýjar lóðir fyrir gestahús neðan við núverandi skemmu og ný lóð fyrir útihús suð-vestan við núverandi skemmu. Mörk deiliskipulagsins breytast aðeins og stækkar sem nemur þeim nýju lóðum sem óskað er eftir að bæta við í þessari deiliskipulagsbreytingu.

Sveitarstjórn telur að framlögð breyting á deiliskipulagi samræmist ekki stefnumörkun um stakar framkvæmdir gr. 2.4.9. í aðalskipulagi Flóahrepps þar sem segir:

Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarsvæðum án þess að afmarka sérstaka landnotkun:

- Stök íbúðarhús á landspildum sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Þó er heimilt að reisa hús á stærrri landspildum/eyðijörðum í góðum tengslum við núverandi samgöngu- og veitukerfi.

- Stök frístundahús á 0,5-1 ha lóðum. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Nýtingarhlutfall lóða er að jafnaði ekki hærra en 0,03 en við sérstakar aðstæður getur það verið allt að 0,05.

Skilgreindar lóðir fyrir gestahús/frístundahús eru undir 1000 fm og falla því ekki að framlögðum skilmálum er varðar stök frístundahús á landbúnaðarsvæði. Að mati sveitarstjórnar falla auk þess þrjár samliggjandi lóðir fyrir frístundahús ekki undir þá skilgreiningu að teljast til stakra framkvæmda innan landbúnaðarsvæðis og ættu frekar að falla undir landnotkun frístundasvæðis. Innan núverandi heimilda deiliskipulags er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, skemmu og útihúss. Með framlagðri breytingu er samkvæmt skýringamynd gert ráð fyrir gestahúsi, skemmtihúsi, skemmu og þremur gestahúsum. Reyndar er misræmi í texta greinargerðar og á skýringarmynd hverskonar notkun er áætluð innan viðkomandi reita. Að mati sveitarstjórnar er þörf á að horfa til meginlandnotkunar svæðisins og hvort að hún geti talist landbúnaðarnotkun í grundvelli heimilda aðalskipulags eða hvort að þörf sé á skilgreiningu nýrrar landnotkunar í takt við breytta notkun svæðisins. Sveitarstjórn Flóahrepps synjar framlagðri breytingu á deiliskipulagi í núverandi mynd án frekari rökstuðnings.

Bókun sveitarstjórnar samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Gegnishólapartur L165482; Gegnishólapartur 4 og 5 Stofnun lóða – 2206037

Lögð er fram umsókn frá Bjarna Sigurðssyni er varðar stofnun lóða úr upprunalandi Gegnishólaparts L165482.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu jarðar. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn frá Bjarna Sigurðssyni er varðar stofnun lóða úr upprunalandi Gegnishólaparts L165482.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu jarðar. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Galdramýri; 223808; Ljósleiðari; Framkvæmdarleyfi 2206045

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Ljósleiðaranum ehf. er varðar lagningu ljósleiðara um land Galdramýri L223808.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Ljósleiðaranum ehf. er varðar lagningu ljósleiðara um land Galdramýrar L223808.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki landeigenda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Gegnishólapartur L165482; Gegnishólapartur 2 L208881 og L208882; Staðfesting á afmörkun lóða – 2206036

Lögð er fram umsókn frá Bjarna Sigurðssyni er varðar staðfestingu á hnitsettri afmörkun jarðarinnar Gegnishólaparts L165482 sem og lóðanna Gegnishólaparts 2 og 3.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við hnitsetta afmörkun Gegnishólaparts 2 og 3 og afmörkun Gegnishólaparts L165482 skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn frá Bjarna Sigurðssyni er varðar staðfestingu á hnitsettri afmörkun jarðarinnar Gegnishólaparts L165482 sem og lóðanna Gegnishólaparts 2 og 3.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir hnitsetta afmörkun Gegnishólaparts 2 og 3 og afmörkun Gegnishólaparts L165482 skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Dalsmynni L166326; Náma; Efnistaka; Framkvæmdarleyfi – 2206080

Lögð er fram umsókn frá Gröfubjónustu Steins ehf. er varðar efnistöku í landi Dalsmynnis L166326. Í framkvæmdinni felst heimild fyrir efnistöku og efnislosun innan námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E1. Gert er ráð fyrir efnistöku að 30.000 m³ og samsvarandi efnislosun.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist er til þess að umsækjandi setji fram tímasetta áætlun um efnistöku og geri grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni. Nefndin mælist jafnframt til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að unnið verði að heildarúttekt á námumálum sveitarfélagsins þar sem skilgreindar námur innan aðalskipulags verði metnar m.t.t. framtíðarnotkunar þeirra.

Lögð er fram umsókn frá Gröfubjónustu Steins ehf. er varðar efnistöku í landi Dalsmynnis L166326. Í framkvæmdinni felst heimild fyrir efnistöku og efnislosun innan námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E1. Gert er ráð fyrir efnistöku að 30.000 m³ og samsvarandi efnislosun. Fyrir liggur samþykki landeiganda.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist er til þess að umsækjandi setji fram tímasetta áætlun um efnistöku og geri grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni. Sveitarstjórn stefnir að því, í samráði við skipulagsfullrúa, að unnið verði að heildarúttekt á námumálum sveitarfélagsins þar sem skilgreindar námur innan aðalskipulags verði metnar m.t.t. framtíðarnotkunar þeirra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 22 – 166 – 2206003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. júní 2022.

2. Staða mönnunar á leikskólanum Krakkaborg

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum sínum á erfiðleikum við að fullmanna yngstu deild leikskólans Krakkaborgar. Miðað við núverandi stöðu telja stjórnendur leikskólans að ekki sé hægt að tryggja öryggi nemenda og að ekki sé hægt að taka á móti nýjum nemendum á Lóudeild að lokinni sumarlokun leikskólans.

Sveitarstjórn vill leita allra leiða til að leysa mönnunarvanda leikskólans og leggur áherslu á að áfram verði reynt að veita þá þjónustu innan sveitarfélagsins að tekið sé við börnum að loknu fæðingarorlofi, þó svo að ekki sé um lögbundna þjónustu að ræða. Verðandi sveitarstjóra,

ásamt leikskólastjóra, falið að skoða leiðir til að laða að fólk til starfa við leikskólann og að halda aðstandendum sem eiga umsóknir um leikskólavist upplýstum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 22.06.2022

Lagt fram erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem bent er á að veltufjárhlutfall sveitarfélagsins er undir lágmarksviðmiði nefndarinnar. Óskað er eftir því að erindið sé lagt fyrir sveitarstjórn og gefinn er frestur til ársins 2026 til þess að koma jafnvægi á veltufjárhlutfallið. Fyrirséð var við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2022 að draga þyrfti úr kostnaði við rekstur sveitarfélagsins. Dregið var úr framlögum vegna launakostnaðar bæði í Flóaskóla og Krakkaborg. Einnig þarf til framtíðar að skoða forsendur sveitarsjóðs til þátttöku í verkefnum sem ekki teljast til lögbundinnar þjónustu.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Innviðaráðuneytinu innlegg frá sveitarfélögum í stefnumótandi áætlanir ríkisins á svið sveitarfélaga, skipulags- og húsnæðismála.

Lagt fram erindi frá Innviðaráðuneyti þar sem óskað er eftir því að sveitarfélagið sendi upplýsingar um áherslur sínar á svið skipulags- og húsnæðismála. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa sótt um frest til 30. september til þess að skila álitinu til þess að tryggja aðkomu nýrra sveitarstjórnarmanna og starfsmanna að vinnu við þetta verkefni. Endanlegri afgreiðslu frestað til fundar í september.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá Skógræktarfélagi Hraungerðishrepps

Lagt fram erindi frá Skógræktarfélagi Hraungerðishrepps þar sem óskað er eftir upplýsingum frá sveitarstjórn um framtíðaráform í skipulagsmálum varðandi skógræktarsvæði við Þingborg, hvort áformuð sé uppbygging á íbúðarhúsnæði á reitnum.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ekki áætlanir um að byggja íbúðarhúsnæði á reitnum heldur er hann hugsaður sem útivistarsvæði eins og verið hefur. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir samtali við Skógræktarfélagið vegna áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá T – lista – varðar álagningu fasteignagjalda

Lagt fram erindi frá T – lista þar sem lögð er til lækkun á álagningarhlutfalli fasteignaskatts vegna 21,9 % hækkunar á fasteignamati á svæðinu. Erindinu vísað til vinnu við fjárhagsáætlanagerð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi – Umsagnarbeiðni, rekstrarleyfi – Urðarlaut

Með vísan til 4 mgr. 10 gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði og gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögn Flóahrepps varðandi leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – G Íbúðir í Urðarlaut í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umbeðið leyfi með fyrirvara um athugasemdarlausar umsagnir annarra umsagnaraðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 264, dags. 21.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnar seyruverkefni nr. 3. dags. 14.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Aukaaðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 16.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 219, dags. 29.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands dags. 16.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Aukaaðalfundar SASS dags. 15.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar SASS nr. 582, dags. 03.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- h) Stjórnar SASS nr. 584, dags. 24.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 910, dags. 20.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 911, dags. 23.06.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Efni til kynningar

- a) Frá Vegagerðinni - Styrkur til samgönguleiða
- b) Ársreikningur Samtaka Orkusveitarfélaga 2021
- c) Frá Menntamálastofnun – staðfesting á yfirferð umbótaáætlunar Flóaskóla til júní 2022
- d) Afgreiðsla UTU - Aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2029; Íbúðasvæði; Arnarstaðakot – Skálmholt; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting.
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn þriðjudaginn 9. ágúst 2022.

10. Önnur mál:

Endurnýjun á samningi Nova vegna fjarskiptamasturs á lóð Flóaskóla

Lagður fram samningur milli Flóahrepps kt. 600606-1310 og Nova kt. 660321-0390 um leigu á 25 fm svæði við Flóaskóla til þess að koma upp fjarskiptamastri. Sveitarstjóra falið að ganga frá gögnum varðandi málið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

Þar sem þetta er síðasti sveitarstjórnarfundur sem ég sit sem sveitarstjóri Flóahrepps vil ég færa sveitarstjórnnum Flóahrepps undangengin 2 kjörtímabil og núverandi sveitarstjórn, starfsmönnum og íbúum öllum þakkir fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Eydís Þ. Indriðadóttir.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar Eydísi ánægjulegt og gott samstarf og óskar henni velfarnaðar í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)